



| Stjórnarráð Íslands



BYGGÐASTOFNUN

Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024



Í þessari greinargerð Byggðastofnunar og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráæltunarsamninga og framkvæmd þeirra á samningstímabilinu 2020-2024. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að miklu leyti á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins. Þess ber að geta að tölur um uppbyggingarsjóði koma úr gagnabanka umsóknargáttarinnar og þar eru upplýsingar skráðar með nokkuð öðrum hætti en hjá landshlutasamtökunum. Starfsmenn samtakanna og verkefnastjóri sóknaráætlana yfirfara tölur og leiðréttar og munar alltaf einhverju. Þær niðurstöður sem koma fram í umsóknargáttinni standast í stórum dráttum þótt einhverju muni á tölum. Nýtt umsóknarkerfi var tekið upp árið 2025 og vonir standa til þess að mismunurinn minnki með því.

Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag við vinnu þessarar greinargerðar þar sem flóknar og margþættar upplýsingar þurfa að samræmast og tölur að stemma.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna árin 2020-2024.
Desember 2025

Útgefandi: Byggðastofnun
Sauðármýri 2
550 Sauðárkrókur

Netfang: postur@byggdastofnun.is

Veffang: www.byggdastofnun.is

Ábyrgð: Heba Guðmundsdóttir

© 2025 Byggðastofnun

ISBN 978-9935-518-21-7

Efnisyfirlit

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál.....	4
Formáli	5
Samantekt	6
Sóknaráætlanir landshluta	7
Fjárframlög og ráðstöfun fjármuna	9
Áhersluverkefni landshluta	13
Uppbyggingarsjóðir landshluta	14
Lokaorð	16
Viðauki 1: Dæmi um áhersluverkefni landshluta árin 2020-2024.....	17
Viðauki 2: Yfirlit og samanburðartölur fyrir árið 2024	21
Viðauki 3: Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	29



SÓKNARÁÆTLANIR
LANDSHLUTA

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Til að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta skipar innviðaráðherra stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál sem í eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Meðal verkefna stýrihópsins er að styðja landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð og framkvæmd sóknaráætlana og vinna með þeim að því markmiði að sóknaráætlunir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaaætlunar og eftir atvikum öðrum stefnum ríkisins.

Í lok árs 2024 var stýrihópurinn skipaður á eftirfarandi hátt:

Innviðaráðuneyti

Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður

Dómsmálaráðuneyti

Kristrún Friðriksdóttir

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Eva Margrét Kristinsdóttir

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Anna Borgþórsdóttir Olsen

Forsætisráðuneyti

Ásta Bjarnadóttir

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

Sigurður Steingrímsson

Heilbrigðisráðuneyti

Margrét Erlendsdóttir

Matvælaráðuneyti

Bryndís Eiríksdóttir

Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Baldur Þórir Guðmundsson

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Þór Hauksson Reykdal

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Magnús Örn Agnesar Sigurðsson

Utanríkisráðuneyti

Sigríður Eysteinsdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga

Valgerður Rún Benediktsdóttir

Áheyrnafulltrúar

Byggðastofnun

Reinhard Reynisson

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Albertína F. Elíasdóttir, SSNE

Verkefnisstjóri

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun

Formáli

Sóknaráætlanir landshluta eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga og eru bundnar í sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Landshlutasamtök sveitarfélaga sjá um framkvæmd sóknaráætlana með fimm ára samningum við ríkið. Hlutverk stýrhóps Stjórnarráðsins um byggðamál er m.a. að styðja landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð og framkvæmd sóknaráætlana. Byggðastofnun leggur mat á framvindu sóknaráætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum.

Með sóknaráætlunum landshluta sameinast íbúar í hverjum landshluta um framtíðarsýn, setja markmið og velja leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Eitt af markmiðum sóknaráætlana er að valdefla landshlutana, þannig að ábyrgð og ákvörðunnarréttur á ráðstöfun opinbers fjármagns sé heima í héraði.

Í byrjun árs 2020 tóku gildi nýir samningar um sóknaráætlanir landshluta milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem náðu til fimm ára, 2020-2024. Samningarnir eru átta talsins, jafn margir og landshlutarnir og samtök þeirra.

Landinu er skipt upp í átta landshluta



Vesturland – Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)

Vestfirðir – Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

Norðurland vestra – Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)

Norðurland eystra – Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE)

Austurland – Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Suðurland – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Suðurnes – Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)

Höfuðborgarsvæðið – Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)

Samantekt

Innviðaráðuneytið, Byggðastofnun og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál fylgjast vel með framkvæmd sóknaráætlanasamninga og birtir Byggðastofnun árlega greinargerð þar sem gert er grein fyrir framvindu og ráðstöfun fjármuna fyrir liðið ár. Í lok hvers fimm ára samningstímabils er unnin greinargerð þar sem farið er yfir fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga sem voru í gildi árin 2020-2024. Á samningstímanum var tæpum sex milljörðum króna varið til sóknaráætlana. Fjármunum er fyrst og fremst varið til áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða landshlutanna.

Töluleg samantekt á tímabilinu

5,96 milljörðum króna var varið til sóknaráætlana

Þar af komu um 5 milljarðar frá ríkinu

1,1 ma.kr. af þeim 5 milljörðum voru í formi viðaukasamninga

Sveitarfélögin lögðu fram rúmar 441 milljónir króna til sóknaráætlana

Unnið var að 274 áhersluverkefnum um land allt og framlag til þeirra nam yfir 2 ma.kr.

2,26 ma.kr. var úthlutað úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna til 2.747 verkefna

Yfir 4.800 umsóknir bárust í uppbyggingarsjóði landshlutanna

Sótt var um 8,5 ma.kr. í uppbyggingarsjóðina

56,7% umsókna hlutu styrk úr uppbyggingarsjóði

Flestir styrkir voru á bilinu 0,5 – 2,5. m.kr. (1.414) þar á eftir voru styrkir undir 500.000 (1.264)

69 styrkir voru hærri en 2,5 m.kr.

Flestar umsóknir bárust til uppbyggingarsjóðs Suðurlands og þar var einnig flestum styrkjum úthlutað

Sóknaráætlanir landshluta

Traust – samvinna - samhæfing

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga og eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga. Í þeim sameinast heimamenn um framtíðarsýn, markmið, forgangsröðun verkefna og leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum. Markmið með samningum er að stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðapróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er einnig að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Landshlutasamtök sveitarfélaga vinna sóknaráætlun á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd hennar.

Með lögum nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlanir var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana landshluta fest í sessi. Árið 2023 voru ákvæði um sóknaráætlanir flutt yfir í sveitarstjórnarlögin með lögum nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaaætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að vinna sóknaráætlanir á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaaætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál og verkefnisstjóri sóknaráætlana styðja landshlutasamtökin við gerð og framfylgd sóknaráætlana. Hlutverk Byggðastofnunar samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er að leggja mat á framvindu sóknaráætlana og hafa eftirlit með fjárreiðum þeirra. Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á samstarfi þeirra sem að koma. Samráð og samvinna ríkis og sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga. Samvinna ráðuneyta er í gegnum stýrihópin og samvinna sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum fer fram í gegnum landshlutasamtökin.

Frá árinu 2013 hefur ríkið gert samninga um sóknaráætlanir við landshlutasamtök sveitarfélaga í öllum átta landshlutunum, fyrstu tvö árin til eins árs í senn, en frá árinu 2015 hafa samningar um sóknaráætlanir verið gerðir til fimm ára. Samningarnir skuldbinda landshlutasamtökin til þess að móta og framfylgja sóknaráætlun landshlutans til fimm ára, annast umsýslu uppbyggingarsjóðs landshlutans sem styður við markmið sóknaráætlunar og skilgreina áhersluverkefni sem endurspegla markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar.

Í hverjum landshluta skipa landshlutasamtökin samráðsvettvang sem hefur beina aðkomu að gerð og framfylgd sóknaráætlunar. Kjörnir fulltrúar, aðilar innan opinberra stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta skipa samráðsvettvanginn. Heildarfjöldi fulltrúa í samráðsvettvöngum landshlutanna var 479 árið 2024.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingarsjóða og ákveður hver landshluti skiptinguna. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir þar sem gerð er krafa um 50% mótframlag og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Landshlutasamtök sveitarfélaga vinna eftir skýru og skilvirku verklagi við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Þau skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta, þar er eingöngu veitt fjármagn til áhersluverkefna.

Ávinningur sóknaráætlana

Ábyrgð og vald heim í hérað	Aukið lýðræði og samráð	Byggðir eflar með skilvirkni og samstarfi
---	---	---



Frá undirritun samninga um sóknaráætlanir 2020-2024 sem undirritaðir voru í nóvember 2019. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ásamt fulltrúum landshlutasamtaka. Mynd: Stjórnarráð Íslands.

Fjárframlög og ráðstöfun fjármuna


Á samningstímanum 2020-2024 lögðu innviðaráðuneytið og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið framlög til sóknaráætlana. Önnur ráðuneyti eiga möguleika á að koma að samningunum og kom umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið að samningunum með viðaukum frá og með árinu 2022. Sveitarfélög leggja einnig til fjármagn til sóknaráætlana.

Við skiptingu grunnframlaga til landshluta er stuðst við reiknilíkan sem byggist m.a. á íbúafjölda og íbúapróun, stærð atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysi, útsvarstekjum sveitarfélaga og fjarlægð frá Reykjavík.

Tafla 1. Heildarfjárhæð samninga á tímabilinu 2020-2024

	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Grunnframlög ríkisins	711.100.001	801.100.000	794.934.906	787.952.475	776.599.999	3.871.687.381
Viðaukasamningur (ríkið)	528.900.000	179.300.000	99.800.000	153.450.000	172.650.000	1.134.100.000
Framlög sveitarfélaga	98.110.500	83.746.500	84.478.250	87.109.750	87.950.250	441.395.250
Önnur framlög	172.300.000	7.000.000	4.493.637	15.402.084	30.166.824	229.362.545
Flutt frá fyrra ári	71.619.645	32.233.926	39.822.854	37.854.245	72.088.316	253.618.986
Vaxtatekjur	1.366.149	777.306	1.521.525	11.682.526	14.775.553	30.123.059
Samtals:	1.583.396.295	1.104.157.732	1.025.051.172	1.093.451.080	1.154.230.942	5.960.287.221

Fjárframlögin á tímabilinu 2020-2024 til sóknaráætlanasamninganna námu tæpum sex milljörðum króna. Grunnframlög ríkisins, alls tæplega 3,9 ma.kr., skiptast þannig: tæplega 2,8 ma.kr. komu frá innviðaráðuneytinu og rúmlega 1,1 ma. kr. frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Til viðbótar við grunnframlagið ráðstafaði ríkið rúmlega 1,1 ma.kr. til viðaukasamninga. Hátt framlag til viðaukasamninga árið 2020 skýrist af ýmsum tímabundnum framlögum vegna áhrifa Covid-19 faraldursins og átaksverkefna ríkisstjórnarinnar. Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru rúmlega 441 m.kr. á tímabilinu.




Mynd 1. Heildarfjárhæð samninga 2020-2024

Tafla 2. Samanburður heildarfjárhæða árin 2020-2024 í milljónum Kr.

	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Vesturland	130.720	129.834	118.315	137.660	154.856	671.386
Vestfirðir	156.057	119.965	143.550	130.639	119.736	669.947
Norðurland vestra	172.223	164.041	131.309	144.431	160.564	772.568
Norðurland eystra	304.521	186.681	169.578	181.301	210.902	1.052.984
Austurland	174.800	172.700	177.311	171.935	147.460	844.207
Suðurland	240.871	160.763	126.346	154.113	151.926	834.019
Suðurnes	371.207	113.117	106.022	106.676	132.285	829.307
Höfuðborgarsvæðið	32.996	57.057	52.620	66.696	76.500	285.868
Samtals:	1.583.396	1.104.158	1.025.051	1.093.451	1.154.231	5.960.287

Samanburðartölur í töflu 2 sýna að fjárframlögin eru hæst á Norðurlandi eystra, eða tæplega 1.053 m.kr. á tímabilinu, og lægst á höfuðborgarsvæðinu, eða tæplega 286 m.kr. Hafa ber í huga að enginn uppbyggingarsjóður er fyrir höfuðborgarsvæðið. Hátt framlag árið 2020 á Norðurlandi eystra, Suðurlandi og Suðurnesjum skýrist af auknu framlagi til ferðaþjónustu í Covid-19 faraldrinum.




Mynd 2. Samanburður heildarfjárhæða árin 2020-2024

Tafla 3. Ráðstöfun fjárframlaga 2020-2024

	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Áhersluverkefni	564.375.888	381.520.158	366.357.520	367.889.526	365.409.505	2.045.552.597
Uppbyggingarsjóður	396.152.500	395.744.573	374.267.611	381.125.280	438.498.061	1.985.788.025
Stofn- og rekstrarstyrkir	47.900.000	53.600.000	68.063.000	66.320.000	40.550.000	276.433.000
Viðaukar	459.000.000	179.300.000	99.800.000	148.576.890	182.550.000	1.069.226.890
Umsýsla	94.113.589	80.891.474	81.000.000	81.000.000	79.993.786	416.998.849
Ráðstafað á fyrra ári	0	0	12.650.000	4.650.000	11.850.000	29.150.000
Óráðstafað í árslok	21.854.318	13.101.527	22.913.041	43.889.384	35.379.590	137.137.860
Samtals:	1.583.396.295	1.104.157.732	1.025.051.172	1.093.451.080	1.154.230.942	5.960.287.221

Tafla 3 sýnir ráðstöfun fjármuna á tímabilinu 2020-2024. Hæsta upphæðin, rúmlega 2 ma.kr., rann til áhersluverkefna landshlutanna og þar á eftir, tæplega 2 ma.kr., til uppbyggingarsjóða. Allir landshlutar, nema Suðurland og höfuðborgarsvæðið voru með sérstök stofn- og rekstarframlög í gegnum sína uppbyggingarsjóði, rúmlega 276 m.kr. Viðaukasamningar við landshlutasamtökin voru tæplega 1,07 ma.kr. Landshlutasamtökunum, utan höfuðborgarsvæðisins, er heimilt að ráðstafa 12 m.kr. til umsýslu á hverju ári og var umsýslukostnaður tæplega 417 m.kr. á tímabilinu. Eins og áður hefur komið fram var mun herra fjármagni ráðstafað í formi viðaukasamninga árið 2020 vegna Covid-19 faraldursins.




Mynd 3 – Ráðstöfun fjárframlaga 2020-2024

Tafla 4. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga eftir landshlutum 2020-2024

	Áhersluverkefni	Uppbyggingarsjóður	Stofn- og rekstrarstyrkir	Viðaukar	Samtals
Vesturland	204.716.976	300.845.000	27.160.000	48.800.000	581.521.976
Vestfirðir	238.110.229	201.200.000	72.450.000	74.900.000	586.660.229
Norðurland vestra	189.115.912	315.712.075	62.300.000	130.950.000	698.077.987
Norðurland eystra	441.254.620	302.969.950	69.923.000	164.850.000	978.997.570
Austurland	280.225.091	260.050.000	33.100.000	218.100.000	791.475.091
Suðurland	316.900.000	379.961.000	0	91.000.000	787.861.000
Suðurnes	217.297.399	225.050.000	11.500.000	313.000.000	766.847.399
Höfuðborgarsvæðið	157.932.370	0	0	27.626.890	185.559.260
Samtals:	2.045.552.597	1.985.788.025	276.433.00	1.069.226.890	5.377.000.512

Í töflu 4, kemur fram að Norðurland eystra er með hæstu fjárhæðina til áhersluverkefna á tímabilinu, tæplega 441,3 m.kr. Suðurland er með hæsta fjárframlag til uppbyggingarsjóðanna, tæplega 380 m.kr., en lægst var framlagið á Vestfjörðum, 201,2 m.kr. Hæsta fjárhæðin til stofn- og rekstrarstyrkja er úthlutað úr uppbyggingarsjóði Vestfjarða, tæplega 72,5 m.kr. og lægst á Suðurnesjum, 11,5 m.kr. Suðurland og höfuðborgarsvæðið eru ekki með stofn-og rekstrarstyrki. Suðurnes eru með hæsta viðaukastyrkinn á tímabilinu, 313 m.kr.

Hafa ber í huga að mismunur á niðurstöðutölu í töflu 3 og 4 er vegna þess að í töflu 4 er ekki gert grein fyrir ráðstöfuðu fjármagni frá fyrra ári og óráðstöfuðu fjármagni í lok árs líkt og gert er í töflu 3.



Mynd 4 – Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga eftir landshlutum

Áhersluverkefni landshluta

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Áhersluverkefni skulu samþykkt af stjórnnum landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Verkefnin eru afar fjölbreytt og snerta málefnasvið allra ráðuneyta.

Á tímabilinu 2020-2024 var unnið að samtals 274 áhersluverkefnum.

Tafla 5. Áhersluverkefni 2020-2024

	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Vesturland	7	7	4	4	6	28
Vestfirðir	6	6	3	5	1	21
Norðurland vestra	10	10	6	0	2	28
Norðurland eystra	6	6	10	9	14	45
Austurland	6	6	6	0	11	29
Suðurland	12	12	7	5	13	49
Suðurnes	8	8	12	9	5	42
Höfuðborgarsvæðið	6	6	6	5	9	32
Samtals	61	61	54	37	61	274

Flest voru áhersluverkefnin á Suðurlandi (49) og fæst á Vestfirðum (21). Eins og fram kemur í töflu 3 var rúmlega 2,05 ma.kr. varið til áhersluverkefna á tímabilinu, auk mótframlaga heimamanna. Í viðauka 1 eru tekin dæmi um áhersluverkefni og verkefni sem hlutu styrk úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á tímabilinu 2020-2024.



Uppbyggingarsjóðir landshluta

Uppbyggingarsjóðir landshlutanna voru settir á laggirnar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu með samningum um sóknaráætlunir árið 2015. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja verkefni í samræmi við markmið sóknaráætlana landshlutanna. Sjóðirnir styðja að jafnaði hámark 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis og gera landshlutarnir kröfu um að minnsta kosti 50% mótframlags frá styrkþegum.

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd fyrir sína uppbyggingarsjóði. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefnin falla að sóknaráætlun landslutans.

Tafla 6. Upplýsingar um umsóknir og styrki tímabilið 2020-2024

Landið allt	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Umsóknir:						
Fjöldi umsókna	1.074	1.115	853	913	887	4.842
Heildarfjárhæð umsókna í þús.kr.	1.872.129.813	1.933.715.750	1.533.011.686	1.558.109.293	1.558.190.505	8.455.157.047
Meðalfjárhæð umsókna í þús.kr.	1.743.138	1.734.274	1.797.200	1.706.582	1.756.697	1.746.212
Veittir styrkir:						
Fjöldi styrkja	614	554	524	532	523	2.747
Heildarupphæð styrkja í þús.kr.	444.052.500	449.344.573	441.930.621	447.445.280	478.048.061	2.260.821.035
Meðalfjárhæð styrkja í þús.kr.	723.213	811.091	843.379	841.063	914.050	823.015
Fjöldi verkefna undir 500 þús. kr.	353	262	238	201	210	1264
Fjöldi verkefna, 0,5 - 2,5 m.kr.	248	274	268	323	301	1414
Fjöldi verkefna hærri en 2,5 m.kr.	13	18	18	8	12	69
Árangurshlutfall umsókna	57%	49,7%	61,4%	58,3%	59,0%	56,7%


Á tímabilinu 2020-2024 bárust samtals 4.842 umsóknir í uppbyggingarsjóðina sjö og fjöldi úthlutaðra styrkja var 2.747, sem er 56,7% árangurshlutfall. Alls var sótt um styrki að upphæð tæplega 8,5 ma.kr. en veittir styrkir fyrir tæplega 2,3 ma.kr. Meðalfjárhæð styrkja var 823.015 kr.

1.264 styrkjum var úthlutað til verkefna undir 500.000 kr, 1.414 styrkjum til verkefna á bilinu 0,5 – 2,5 m.kr. og 69 styrkjum til verkefna hærri en 2,5 m.kr.

Tafla 7. Upplýsingar um umsóknir og styrki eftir landshlutum

	Landið allt	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes
Umsóknir:								
Fjöldi umsókna	4.842	773	577	563	813	548	1.222	346
Heildarfjárhæð umsókna í millj.kr.	8.455.157	1.275.509	1.099.897	1.055.140	1.613.861	956.130	1.544.072	910.549
Meðalfjárhæð umsókna í þús.kr.	1.746.212	1.650.076	1.906.234	1.874.139	1.985.069	1.744.762	1.263.561	2.631.644
Veittir styrkir:								
Fjöldi styrkja	2.747	522	300	373	395	284	689	184
Heildarupphæð styrkja í millj. kr.	2.260.821	327.505	273.650	378.012	372.893	293.150	380.061	235.550
Meðalfjárhæð styrkja í þús.kr.	823.015	627.404	912.167	1.013.437	944.033	1.032.218	551.612	1.280.163
Fjöldi verkefna undir 500 þús. kr.	1.264	341	118	141	92	82	459	31
Fjöldi verkefna, 0,5 - 2,5 m.kr.	1.414	173	173	215	295	190	230	138
Fjöldi verkefna hærr en 2,5 m.kr.	69	8	9	17	8	12	0	15
Árangurshlutfall umsókna	56,7%	67,5%	52,0%	66,3%	48,6%	51,8%	56,4%	53,2%

Flestar umsóknir bárust á Suðurlandi (1.222) og þar voru veittir flestir styrkir (689). Fæstar umsóknir voru á Suðurnesjum (346) og þar voru veittir fæstir styrkir (184). Meðalfjárhæð umsókna var hæst á Suðurnesjum, rúmlega 2,6 ma.kr., og lægst á Suðurlandi, tæplega 1,3 ma.kr. Meðalfjárhæð úthlutaðra styrkja var 823.015 kr., hæst á Suðurnesjum (1.280.163 kr.) og lægst á Suðurlandi (551.612 kr.). Árangurshlutfall umsókna var hæst á Vesturlandi, eða 67,5%, en lægst á Norðurlandi eystra, eða 51,8%.



Mynd 5 – Fjöldi umsókna og styrkja eftir landshlutum tímabilið 2020-2024

Lokaorð

Fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga fyrir tímabilið 2020-2024 lauk í árslok 2024. Í janúar 2025 voru nýir samningar undirritaðir, sem gilda fyrir tímabilið 2025-2029. Á samningstímanum 2020-2024 lögðu innviðaráðuneytið og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið framlög til sóknaráætlana en umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kom formlega inn í samningana árið 2022 í formi viðaukasamninga. Önnur ráðuneyti eiga möguleika á að koma að samningunum og standa vonir til að fleiri ráðuneyti bætist í hópinn. Sveitarfélög leggja einnig til fjármagn til sóknaráætlana. Byggðastofnun sér um umsýslu með samningum um sóknaráætlunir.

Markmið sóknaráætlana landshluta er að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við aukið lýðræði og kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggist á þekkingu heimamanna á hverjum stað. Stuðningur ríkisstjórna er ómetanlegur og forsenda velgengni sóknaráætlana. Mikilvægt er að halda áfram þeirri valdeflingu sem sóknaráætlunir hafa stuðlað að frá upphafi, þ.e. að ábyrgð á framkvæmd þeirra sé heima í héraði og að stýrihópurinn sé ráðgefandi stuðningsaðili.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutana og styðja við markmið sóknaráætlana þeirra.

Tölur um uppbyggingarsjóði í þessari greinargerð koma úr gagnabanka umsóknargáttarinnar og þar eru upplýsingar skráðar með nokkuð öðrum hætti en hjá landshlutasamtökunum. Starfsmenn samtakanna og verkefnastjóri sóknaráætlana yfirfara tölur og leiðréttu og munar alltaf einhverju. Þær niðurstöður sem koma fram í umsóknargáttinni standast í stórum dráttum þótt einhverju muni á tölum. Nýtt umsóknarkerfi var tekið upp árið 2025 og vonir standa til um að þessi mismunur minnki með því.

Viðauki 1:

Dæmi um áhersluverkefni landshluta árin 2020-2024

Á tímabilinu 2020-2024 var unnið að samtals 274 áhersluverkefnum í landshlutunum átta og eru þau áhersluverkefni sem upptalin eru hér á eftir dæmi um áhersluverkefni landshlutanna á tímabilinu.

Vesturland

Flokkun í anda hringrásarhagkerfis

Verkefnið hefur verið í gangi á árunum 2022-2025 og samræmist áherslum og markmiðum Sóknaráætlana 2020-2024 og 2025-2029. Markmið með verkefninu var að bæta nýtingu auðlinda og draga úr magni úrgangs til förgunar á Vesturlandi. Lögð var megináhersla á að greina tækifæri til að bæta úrgangsstjórnun hjá fyrirtækjum á svæðinu, veita sveitarfélögum ráðgjöf og almennt að hvetja til vitundarvakningar í samfélaginu um úrgangsmál og hringrásarhagkerfi. Áhersluverkefnið var tengt þeim breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs sem tóku gildi í janúar 2023. Í verkefninu er m.a. lögð áhersla á að greina tækifæri til bættrar meðhöndlunar lífræns úrgangs, enda er þessi úrgangsflokkur stór hluti þess sem fer til urðunar í Fíflholtum. SSV, í samstarfi við Sorpurðun Vesturlands stóð fyrir ráðstefnu um úrgangsmál fyrir sveitarfélög á Vesturlandi þar sem rætt var um þær áskoranir sem fylgdu breytingum á úrgangslöggjöfinni. Á þeirri ráðstefnu og í samtölum við forsvarsmenn sveitarfélaga á Vesturlandi komu fram óskir þeirra um ráðgjöf og samstarf um innleiðingu nauðsynlegra breytinga í úrgangspjónustu sveitarfélaganna. Með hliðsjón af umræðum á ráðstefnunni var ákveðið að útvíkka áherslur verkefnisins og því varð áhersluverkefnið tvíþætt; a) ráðgjöf fyrir sveitarfélög vegna innleiðingar breytinga í úrgangspjónustu og b) ráðgjöf til rekstraraðila um úrgangsstjórnun, með áherslu á lífrænan úrgang. Gerður var samningur við Stefán Gíslason hjá Environice ehf. um ráðgjöf í verkefninu. Ráðgjöf til sveitarfélaga var sniðin að þörfum hvers og eins og sex af níu sveitarfélögum nýttu sér þjónustuna. Séröfnun lífúrgangs frá heimilum var hafin í flestum sveitarfélögum á svæðinu, en minna hafði verið gert til að nýta þær auðlindir sem felast í lífrænum úrgangi frá fyrirtækjum, svo sem matvöruverslunum, matvælavinnslum og veitingastöðum. Í þessum hluta áhersluverkefnisins var auglýst eftir áhugasömum rekstraraðilum á Vesturlandi, þar sem ætla má að mikið falli til af lífrænum úrgangi, og þeim boðið til samstarfs við að greina leiðir til úrbóta í úrgangsstjórnun.

Vestfirðir

Blámi

Árið 2020 hafði Landsvirkjun samband við Vestfjarðastofu með þá hugmynd að stofnað yrði svæðisbundið átaksverkefni um orkumál og verðmætasköpun byggða á sjálfbærri nýtingu auðlinda á Vestfjörðum. Upphaflega hugmyndin gerði ráð fyrir að koma á fót stöndugu verkefni til

allt að þriggja ára um skýr sameiginleg markmið sem féllu vel að aðstæðum og styrkleikum svæðisins. Verkefnið ætti að styðja við nýsköpun, þekkingaruppbyggingu, þróun og rannsóknir og styðja þannig við áframhaldandi þróun svæðisins. Hugmyndir voru um að verkefnið ætti að meta fýsileika og styðja við orkuskipti í landflutningum, ferjusiglingum, fiskeldi og annarri starfsemi á svæðinu. Jafnframt ætti að styðja við þróun verkefna sem byggðu á nýtingu náttúruauðlinda og vinna með sérstaka áherslu á sjálfbærni. Auk þess að stuðla að auknu orkuöryggi á svæðinu með öðrum hagsmunaaðilum. Öflug áhersla yrði á samstarf með nærsamfélaginu til að tryggja árangur verkefnisins og vekja athygli á tækifærum svæðisins og tengja frumkvöðla og aðra hagsmunaaðila saman um markmiðin. Skilgreind yrðu lykilmarkmið og mælikvarðar skv. verkefnaáætlun. Stefnt var að því að tveir starfsmenn yrðu ráðnir til starfa auk þess sem áhersla yrði lögð á að ráða ungt fólk til sumarstarfa í heimabyggð. Þessi hugmynd er sett fram í apríl 2020. Vestfjarðastofa fór strax í að vinna að fjármögnun og undirbúningi þessa verkefnis. Um svipað leiti var tilkynnt um viðbótarfjármagn til Sóknaráætlana landshluta til eflingar atvinnu- og menningarlífs á svæðunum. Stjórn Vestfjarðastofu ákvað síðan á fundi sínum þann 21. apríl að hluta af því átaki yrði að styðja við þetta nýja samstarfsverkefni um orkumál sem Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða stóðu einnig að. Úr varð Blámi og var Þorsteinn Másson ráðinn framkvæmdastjóri Bláma og hefur hann gegnt því starfi síðan. Stofnun Bláma reyndist heillaskref fyrir Vestfirði og hefur stuðningur Bláma við umsóknir í sjóði tengdum umhverfis- og loftslagsmálum skipt miklu máli og orðið til þess að umtalsvert miklu meiri áhersla hefur verið lögð á orkuskipti á svæðinu en líklegt er að annars hefði orðið. Blámi hefur gefið út skýrslur meðal annars um orkuskipti í höfnum, fiskeldisbátum og fódurprömmum, orkuskipti í Ísafjarðardjúpi og uppbyggingu hleðsluinnviða á Vestfjörðum. Auk þess hefur Blámi staðið að og stutt við fjölmörg nýsköpunarverkefni um alla Vestfirði. Fjármögnun á þátttöku Vestfjarðastofu/Fjórðungssambands Vestfirðinga í Bláma hefði reynst umtalsvert erfiðari ef ekki hefði verið fyrir sóknaráætlunir landshluta og þá hefði reynst erfiðara fyrir Vestfirði að koma að verkefninu með þeim öfluga hætti sem raunin hefur orðið.

Norðurland vestra

Landshluti í forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum

Verkefnið var áhesluverkefni árin 2020-2024. Markmið verkefnisins var að styrkja sveitarfélögin á starfssvæðinu í að mæta kröfum sem á þau eru gerð m.t.t. loftslagsmála og innleiðingar heimsmarkmiða auk þess að byggja upp þekkingu á málaflokknum innan SSNV til framtíðar. Sveitarfélögin voru aðstoðuð við að innleiða Græn skref í starfsemi sína, umhverfis- og loftslagsstefna var unnin sem uppfyllir lög um loftslagsmál og svæðisáætlun úrgangs á Norðurlandi var fylgt eftir. Nú stendur yfir vinna við aðgerðaráætlun til að fylgja loftslagsstefnunni eftir. Einnig var markmið verkefnisins að efla umhverfisvitund íbúa í landshlutanum til að auka árangur í málaflokknum í takt við markmið sóknaráætlunar landshlutans og umhverfisstefnu SSNV.

Norðurland eystra

Upptaktur – Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna

Upptaktur, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna stuðlar að tónsköpun ungs fólks og hvetur þau til frumsköpunar. Markmið verkefnisins er að stuðla að tónsköpun ungs fólks, hvetja börn og ungmenni til að semja eigin tónlist og aðstoða þau við að fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmiðju með fagfólki, auk þess að gefa þeim tækifæri til að upplifa eigin tónlist í flutningi atvinnutónlistarfólks við kjöraðstæður á tónleikum í Menningarhúsinu Hofi. Til verða ný tónverk sem flutt verða á tónleikum Upptaktsins í Hofi auk þess sem þau verða varðveitt með upptöku. Verkefnið hefur verið áhersluverkefni SSNE frá árinu 2021 og fjöldi nýrra tónverka eftir börn og ungmenni hafa verið frumflutt í Hofi.

Austurland

Matarauður Austurlands

Matarauði Austurlands er ætlað að kynna framleiðendur matvöru á Austurlandi, söluaðila matvæla, veitingaaðila, matarmarkaði og alla þá sem koma að mat á einhvern hátt. Sérstök áhersla er lögð á framleiðslu og nýtingu á austfirsku hráefni og að því verði gert hátt undir höfði. Tilgangur Matarauðs Austurlands er að tryggja sjálfbærni í matvælaframleiðslu og að auka sjálfbærnivitund og bæta lífsstíl á Austurlandi. Matarmót Matarauðs Austurlands hefur fest sig í sessi sem einn stærsti og vinsælasti viðburður landshlutans en um 30 sýnendur tóku þátt síðast og mættu um 1.000 gestir – tæplega 10% allra Austfirðinga! Verkefnið hefur vaxið og dafnað en þar skiptir miklu máli fjármagn í gegnum áhersluverkefni sóknaráætlana. Vefslóð: www.austurland.is/matarauður-austurlands/

Suðurland

Orkídea – Nýsköpun í sjálfbærri matvælaframleiðslu

Orkídea er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi, Landsvirkjunar, Landsbúnaðarháskóla Íslands og stjórnvalda. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni verðmætasköpun og nýsköpun í sjálfbærri matvælaframleiðslu og líftækni á Suðurlandi. Áhersla er lögð á að nýta endurnýjanlegar auðlindir svæðisins, græna orku og þekkingu til að skapa afurðir með sérstöðu á heimsvísu. Verkefnið leiðir saman ólíka hagaðila; íbúa, orkufyrirtæki og þekkingarsamfélagið, til að greina tækifæri, þróa innviði og laða að fjárfestingu. Með Orkídeu er stefnt að fjölgun hátæknistarfa, eflingu rannsókna og öflugri sókn í erlenda samkeppnissjóði. Verkefnið fellur vel að áherslum sóknaráætlunar um atvinnu, nýsköpun og umhverfi og miðar að því að verða sjálfbær þekkingareining. Verkefnið var áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á tímabilinu 2020 - 2024. Vefslóð: www.orkidea.is.

Suðurnes

Evrópuráðstefna jarðvanga á Íslandi 2024

Markmið verkefnisins var að kynna Reykjanes jarvang fyrir heimamönnum, ríkisstjórn og ráðamönnum, fræðasamfélagi og almenningi smhliða því að halda 17. Evrópuráðstefnu UNESCO jarðvanga á Reykjanesi. Markmiðið var einnig að varpa ljósi á mikilvægt starf jarvanga um allan heim og hvaða tækifæri felast í því að starfrækja jarðvanga á Íslandi sem og að efla jákvæða ímynd svæðisins og auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar til svæðisins. Annað hvert ár er Evrópuráðstefna UNESCO jarðvanga haldin og árið 2024 var hún haldin á Reykjanesi. Verkefnið snéri að því að undirbúa bæði ráðstefnuna og svæðið sem tilheyrir Reykjanesi Geopark.

Höfuðborgarsvæðið

Úrgangur og meðhöndlun úrgangs

Á höfuðborgarsvæðinu eru sjö sveitarfélög sem öll höfðu sitt úrgangsflokkunar- og hirðukerfi á árinu 2021. Það að vera með mismunandi flokkun úrgangs á svæðinu gerði íbúum erfiðara að skilja kerfin og upplýsingagjöf til íbúa varðandi flokkun var flókin. Samkvæmt breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs, sem samþykkt voru í júlí árið 2021 og ætlað er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis, varð skylt að safna við heimili lífrænum eldhúsúrgangi, plasti, og pappír og pappa. Þá varð einnig skylt að safna textíl, málmum og gleri í nærumhverfi íbúa, hvort sem er við heimili eða í grenndarstöðvum. Breytingarnar tóku gildi 1. janúar 2023. Samræming úrgangsflokkunar var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2022. Starfshópur verkefnisins var skipaður tæknimönnum frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúa frá SSH og starfsmönnum SORPU. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu skrifuðu undir yfirlýsingu um samstarf þann 11. mars 2022 þar sem fram kom að aðilar hygðust vinna í samræmi við tillögur sem fram koma í skýrslunni „*Sorphirða á höfuðborgarsvæðinu: Tillögur starfshóps að samræmingu úrgangsflokkunar*” sem unnin var á vettvangi SSH í samstarfi við SORPU og faghóp tæknifólks sveitarfélaganna. Veruleg breyting varð á flokkun og endurvinnslu heimilisúrgangs í kjölfar gildistöku svonefndra hringrásarlaga í byrjun 2023. Aðgerðir til að draga úr urðun, m.a. með aukinni flokkun heimilissorps, hafa þegar skilað umtalsverðum árangri þar sem við öll heimili eru tunnur fyrir lífrænan úrgang, blandað heimilissorp, pappír og plast. Grendargámum hefur verið fjölgað fyrir gler, málma og textíl. Íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa staðið sig vel í flokkun úrgangs frá heimilum. Breytingarnar hafa gert Sorpu bs. kleift að hætta rekstri forvinnslulínu í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi fyrir blandaðan úrgang á síðari hluta ársins 2023, með tilheyrandi hagræði og sparnaði. Nú getur Sorpa bs. loks flutt blandaðan úrgang, sem áður innihélt mikið magn matarleifa, út til orkuvinnslu. Þær skila því líka að nú getur Sorpa bs. afhent öllum sem vilja moltu úr GAJU, gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu bs. um mitt ár 2024 dróst urðun þannig saman um 89% á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra.

Viðauki 2: Yfirlit og samanburðartölur fyrir árið 2024

Á árinu 2024 var unnið að samtals 82 áhersluverkefnum og nam framlag til þeirra um 365,5 milljónir króna.

Alls hlutu 523 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðunum, samtals að fjárhæð tæplega 480 milljónir króna.

Heildarfjárhæð til sóknaráætlanasamninga árið 2024

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Samtals
Framlög ríkisins	98.732.123	107.286.266	104.888.742	127.933.731	104.266.283	113.457.371	95.035.483	25.000.000	776.599.999
Viðaukasamningar, ríkið	12.500.000	-	37.750.000	49.400.000	22.500.000	11.000.000	27.000.000	12.500.000	172.650.000
Framlög sveitarfélaga	13.064.250	9.900.000	7.419.000	15.240.000	12.700.000	14.377.000	10.250.000	5.000.000	87.950.250
Önnur framlög	-	-	-	-	6.666.824	11.000.000	-	12.500.000	30.166.824
Flutt frá fyrra ári	24.000.000	2.400.000	9.093.769	15.940.045	1.050.000	-	-	19.604.502	72.088.316
Vaxtatekjur	6.559.757	150.000	1.412.983	2.388.369	277.226	2.092.069	-	1.895.149	14.775.553
Samtals	154.856.130	119.736.266	160.564.494	210.902.145	147.460.333	151.926.440	132.285.483	76.499.651	1.154.230.942

Samanburður heildarfjárframlaga árin 2023 og 2024

	2024	2023	Breyting
Framlög ríkisins	776.599.999	787.952.475	-11.352.476
Viðaukasamningar	172.650.000	153.450.000	19.200.000
Framlög sveitarfélaga	87.950.250	87.109.750	840.500
Önnur framlög	30.166.824	15.402.084	14.764.740
Flutt frá fyrra ári	72.088.316	37.854.245	34.234.071
Niðurfelldir styrkir	2.400.000	-	2.400.000
Vaxtatekjur	14.775.553	11.682.526	3.093.027
Samtals	1.156.630.942	1.093.451.080	63.179.862

Samanburður ráðstöfunar fjárframlaga árin 2023 og 2024

	2024	2023	Breyting
Áhersluverkefni	365.409.505	367.889.526	-2.480.021
Uppbyggingarsjóður	438.498.061	381.125.280	57.372.781
Stofn- og rekstrarstyrkir	40.550.000	66.320.000	-25.770.000
Viðaukasamningar	182.550.000	148.576.890	33.973.110
Umsýsla	79.993.786	81.000.000	-1.006.214
Ráðstafað á fyrra ári	11.850.000	4.650.000	-
Óráðstafað 2024	35.379.590	43.889.384	-8.509.794
Samtals	1.154.230.942	1.093.451.080	53.579.862

Ráðstöfun fjárframlaga árið 2024

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar-svæðið	Samtals
Áhersluverkefni	40.500.000	42.136.266	31.629.133	73.033.620	47.832.824	53.400.000	41.585.483	35.292.179	365.409.505
Uppbyggingarsjóður	78.495.000	39.350.000	67.185.361	62.792.200	59.850.000	80.625.500	50.200.000	-	438.498.061
Stofn- og rekstrarstyrkir	5.750.000	5.500.000	12.000.000	10.800.000	5.000.000		1.500.000	-	40.550.000
Viðaukasamningar	12.500.000	9.900.000	37.750.000	49.400.000	22.500.000	11.000.000	27.000.000	12.500.000	182.550.000
Umsýsla	12.000.000	11.000.000	12.000.000	12.000.000	12.000.000	8.993.786	12.000.000	-	79.993.786
Ráðstafað á fyrra ári	-	11.850.000	-	-	-	-	-	-	11.850.000
Óráðstafað 2024	5.611.130	-	-	2.876.325	277.509	-2.092.846	-	28.707.472	35.379.590
Samtals	154.856.130	119.736.266	160.564.494	210.902.145	147.460.333	151.926.440	132.285.483	76.499.651	1.154.230.942

Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum árið 2024

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar-svæðið	Samtals
Atvinnulífið	4	7	32	17	18	6	6	0	90
Félagasamtök	2	1	5	3	5	4	2	0	22
Fræðasamfélag	5	5	13	8	6	6	5	0	48
Kjörnir fulltrúar	11	13	15	18	30	16	12	80	195
Menningarlífið	2	5	10	8	12	6	2	0	45
Opinberar stofnanir	5	0	13	22	15	2	5	0	62
Annað (óflokkað)	0	0	9	7	0	0	1	0	17
Samtals	29	31	97	83	86	40	33	80	479

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar-svæðið	Samtals
<25 ára	1	0	4	3	2	2	2	0	14
25-39 ára	6	10	26	11	32	15	4	20	124
40-60 ára	19	20	48	61	43	15	22	48	276
>60 ára	3	1	19	8	9	8	5	12	65
Samtals	29	31	97	83	86	40	33	80	479

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar-svæðið	Samtals
Karlar	12	10	49	43	43	20	20	34	231
Konur	17	21	48	40	43	20	13	46	248
% hlutfall kvk	58,6%	67,7%	49,5%	48,2%	50,0%	50,0%	39,4%	57,5%	51,8%
Samtals	29	31	97	83	86	40	33	80	479

Áhersluverkefni 2024

Vesturland – 40.500.000 til 8 verkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Nýsköpun og frumkvöðlar	SSV
Öflugri öldrunarþjónusta - Gott að eldast	SSV
Menningargróska	SSV
Ungmennahúsið Vesturlands 2024	SSV & Ungmennaráð Vesturlands
Fjölmenningskóli Vesturlands	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Átak í atvinnuefningu fólks með skerta starfsorku	SSV & Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Veldu Vesturland	SSV
Farsæld á Vesturland	SSV & KPMG

Vestfirðir – 42.136.266 til 6 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum	Vestfjarðastofa
Markaðssetning ferðaþjónustu	Vestfjarðastofa
Ungmennalýðræði á Vestfjörðum	Vestfjarðastofa
Svæðisskipulag Vestfjarða	Fjórðungssamband Vestfirðinga f.h. Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða
Púkinn - barnamenningarhátíð	Vestfjarðastofa
Blámi	Blámi

Norðurland vestra – 31.629.133 til 11 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Ungt fólk á Norðurlandi vestra	SSNV & verkefnastjórn
Skíðasvæði Norðurlands vestra	SSNV & sveitarfélög á Norðurlandi vestra
Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra	SSNV
Matvælasvæðið Norðurland vestra	SSNV, Farskóli Norðurlands vestra & Vörusmiðjan á Skagaströnd
Aukin nýsköpun í kennslu - Fab Lab	Hátækniðsetur Íslands
Skrifstofusetur	SSNV & rekstraraðilar
Stuðningsáttak í ferðaþjónustu	SSNV & ráðgjafar
Landshluti í forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum	SSNV
Stuðningur við nýsköpun	SSNV
Erlend samstarfsverkefni	SSNV
Textíl Lab á Blönduósi	Textílmíðstöð Íslands

Norðurland eystra – 73.033.620 til 16 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Upptakturinn - Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna	Menningarfélag Akureyrar
Sjálfbær ferðaþjónusta	Markaðsstofa Norðurlands
Veltek - Heilbrigðis- og velferðartækniklasi Norðurlands	Veltek
Loftum II - fræðsla um umhverfis og loftslagsmál	Þekkingarnet Þingeyinga
Ungmennaping SSNE	SSNE
Uppspretta	SSNE
Fiðringur, hæfileikakeppni unglunga á Norðurlandi eystra	Menningarfélag Akureyrar
Útrýming malarvega á Norðurlandi eystra	SSNE
Aukið samstarf sveitarfélaga	SSNE
Áfangastaðaáætlun Norðurhjara	Markaðsstofa Norðurlands
Eimur	Eimur
Samfélagsleg áhrif af millilandaflugi á Norðurlandi eystra	Markaðsstofa Norðurlands
Saman erum við öflugri	STEM á Íslandi
Hönnunarping á Húsavík	Hraðið miðstöð nýsköpunar
Kornskemman	Kornskemman
Efnahagsleg umsvif á Norðurlandi eystra	SSNE

Austurland – 47.832.824 til 11 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Sýnileiki Austurlands	Austurbrú & samstarfsaðilar
Efling Egilsstaðaflugvallar	Austurbrú & samstarfsaðilar
Matarauður Austurlands	Austurbrú & samstarfsaðilar
Áfangastaðaáætlun	Austurbrú & samstarfsaðilar
BRAS	Austurbrú & samstarfsaðilar
Þróunarverkefni á sviði menningar á Austurlandi	Austurbrú & samstarfsaðilar
Styrkir vegna fjarlægðar	Austurbrú & samstarfsaðilar
Eygló	Austurbrú & samstarfsaðilar
Öruggara Austurland	Austurbrú & samstarfsaðilar
Gerð menningarstefnu	Austurbrú & samstarfsaðilar
Úrgangur og loftslagsmál	Austurbrú & samstarfsaðilar

Suðurland – 53.400.000 til 13 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Orkídea	Orkídea
Starfastefnumót á Suðurlandi	SASS
Jafningjafræðsla	Árborg
Matarauður Suðurlands – sögur og sýnleiki	Markaðsstofa Suðurlands
Menningarperlur Suðurlands – sögur og sýnleiki	Markaðsstofa Suðurlands
Atvinnubru háskólanema	Háskólafélag Suðurlands
Skjálftinn – hæfileikakeppni grunnskóla á Suðurlandi	Ása Berglind Hjálmarsdóttir
Sigurhæðir	Sigurhæðir
Upptakturinn 2024	Harpa tónlistarhús
Kynningarátak um hlutverk byggðapróunarfulltrúa	SASS
Sjúkraþýla – greining	SASS
Lýðfræðileg þróun – mótframlag – framhaldsverkefni	SASS
Katla jarðvangur mótframlag vegna þekkingartengdrar ferðaþjónustu	Katla GeoPark

Suðurnes – 41.585.483 til 8 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Efling fræðslustarfs Reykjanes Geopark	Reykjanes Geopark
Evrópuráðstefna jarðvanga á Íslandi 2024	Reykjanes Geopark
Endurútgáfa bókar um Reykjanes	Markaðsstofa Reykjaness
Efling samstarfs við fyrirtæki á Suðurnesjum	SSS & Heklan
Snjallleiðsögn um Reykjanesið	Markaðsstofa Reykjaness
Ímynd Suðurnesja	SSS & Heklan
Reykjanes Geopark	Reykjanes Geopark
FabLab	Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Höfuðborgarsvæðið – 35.292.179 til 9 áhersluverkefna

Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins	SSH
Fráveitumál höfuðborgarsvæðisins - forathugun	SSH
Börn innflytjenda í skólum á höfuðborgarsvæðinu	SSH
Forkönnun á sameigilegum innkaupavef	SSH
Forvarnir og geðrækt hjá unglingum	SSH
Almenningssamgöngur - nýir notendur	Strætó
Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun	SSH
Þróun Hvítá til Hvítá svæðisins (SV hornið)	SSH
Endurnotkun á textíl - Tilraunaverkefni	Sorpa

Upplýsingar um umsóknir og styrki úr uppbyggingarsjóði árið 2024

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Umsóknir								
Fjöldi umsókna	165	81	105	124	115	221	76	887
Heildarfjárhæð sem sótt var um	338.909.330	119.022.618	222.989.259	207.303.746	218.983.107	265.613.493	185.368.952	1.558.190.505
Meðalfjárhæð umsókna	2.053.996	1.469.415	2.123.707	1.671.804	1.904.201	1.201.871	2.439.065	1.756.697
Veittir styrkir								
Fjöldi styrkja	94	57	73	76	67	119	37	523
Árangurshlutfall umsókna	57%	70%	70%	61%	58%	54%	49%	59%
Heildarupphæð styrkja*	84.245.000	44.850.000	79.185.361	73.592.200	64.850.000	80.625.500	50.700.000	478.048.061
Meðalfjárhæð styrkja	896.223	786.842	1.084.731	968.318	967.910	677.525	1.370.270	914.050
Fjöldi styrkja undir 500.000	51	25	24	15	22	62	11	210
Fjöldi styrkja milli 500.000 – 2.500.000	39	32	46	61	43	57	23	301
Fjöldi styrkja hærri en 2.500.000	4	0	3	0	2	0	3	12

*Heildarupphæð styrkja inniheldur styrki úr uppbyggingarsjóði og stofn- og rekstrarstyrki.

Samanburður upplýsinga um umsóknir og styrki milli áranna 2023 og 2024

	2024	2023	Mismunur
Umsóknir			
Fjöldi umsókna	887	913	-26
Heildarfjárhæð sem sótt var um	1.558.190.505	1.558.109.293	81.212
Veittir styrkir			
Fjöldi styrkja	523	532	-9
Árangurshlutfall umsókna	59%	58%	1%
Heildarupphæð styrkja	478.048.061	447.445.280	30.602.781
Fjöldi styrkja undir 500.000	210	201	9
Fjöldi styrkja milli 500.000 – 2.500.000	301	323	-22
Fjöldi styrkja hærri en 2.500.000	12	8	4

Kyn umsækjenda / styrkhafa 2024

	Karlar	Konur	Annað	Samtals
Umsóknir				
Fjöldi umsókna	369	515	3	887
Fjöldi umsókna (%)	42%	58%	0%	100%
Heildarupphæð umsókna	732.606.564	824.687.941	896.000	1.558.190.505
Meðalupphæð umsókna	1.985.384	1.601.336	298.667	1.756.697
Veittir styrkir				
Fjöldi styrkja	203	320	0	523
Fjöldi styrkja (%)	39%	61%	0%	100%
Heildarupphæð styrkja	206.111.512	272.936.549	0	479.048.061
Meðalupphæð styrkja	1.015.328	852.927	0	915.962

Atvinnugreinaflokkun umsókna 2024

Atvinnugreinaflokkun - Umsóknir	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	8	3	2	2	4	9	2	30
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	15	10	13	10	14	10	6	78
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	7	1	4	5	3	3	2	25
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	2	3	5	2	2	6	1	21
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	9	2	7	3	7	9	3	40
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	5	1	4	16	10	21	14	71
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	3	5	1	4	8	7	6	34
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur – Verslun/Þjónusta	4	1	4	2	3	5	3	22
Menningarstyrkur - Annað	3	2	1	4	1	2	1	14
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	24	10	8	11	10	31	3	97
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	3	3	8	2	2	4	2	24
Menningarstyrkur - Danslist	0	0	1	1	0	0	0	2
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	1	5	5	10	3	16	0	40
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	9	3	0	4	2	5	1	24
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	4	5	6	7	6	11	1	40
Menningarstyrkur - Lifthönnun	3	0	1	1	2	0	0	7
Menningarstyrkur - Málþing/Ráðstefnur	0	1	0	1	0	3	0	5
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	14	3	4	6	8	11	7	53
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	4	5	6	3	2	7	2	29
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	6	7	2	8	9	22	2	56
Menningarstyrkur - Tónlist	29	7	11	12	13	39	13	124
Óskilgreint	1	0	0	0	0	0	3	4
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar Ath. einungis fyrir lögaðila - Rekstrarstyrkur	9	3	7	7	2	0	0	28
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofn-og rekstrarstyrkur	2	1	4	3	2	0	1	13
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofnstyrkur	0	0	1	0	2	0	0	3
Samtals	165	81	105	124	115	221	73	887

Atvinnugreinaflokkun styrkja 2024

Atvinnugreinaflokkun - Umsóknir	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	5	1	2	1	2	5	0	16
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	8	6	4	7	7	2	2	36
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	5	0	2	3	3	1	1	15
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	2	3	4	0	2	4	0	15
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	5	1	5	1	6	4	2	24
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/Fræðsla	3	1	3	6	3	8	7	31
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	2	4	1	4	3	4	3	21
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur – Verslun/Þjónusta	0	0	0	1	3	1	0	5
Menningarstyrkur - Annað	2	1	1	2	1	0	0	7
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	17	7	8	8	7	14	2	63
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	0	1	6	1	1	2	2	13
Menningarstyrkur - Danslist	0	0	1	1	0	0	0	2
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	0	4	3	6	1	6	0	20
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	4	3	0	2	1	4	0	14
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	2	5	6	6	3	7	1	30
Menningarstyrkur - Lifthönnun	3	0	1	0	0	0	0	4
Menningarstyrkur - Málþing/Ráðstefnur	0	1	0	1	0	0	0	2
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	7	2	3	3	5	7	6	33
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	2	2	2	2	1	1	2	12
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	4	6	0	4	5	20	1	40
Menningarstyrkur - Tónlist	16	5	10	8	10	29	7	85
Óskilgreint	0	0	0	0	0	0	0	0
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar Ath. einungis fyrir lögaðila - Rekstrarstyrkur	7	3	7	7	2	0	0	26
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofn-og rekstrarstyrkur	0	1	3	2	1	0	1	8
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar Ath. einungis fyrir lögaðila - Stofnstyrkur	0	0	1	0	0	0	0	1
Samtals	94	57	73	76	67	119	37	523

Viðauki 3: landshlutasamtök sveitarfélaga

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands frá ársbyrjun 2024 voru 62 sveitarfélög á Íslandi og heildarfjöldi íbúa 383.726. Landshlutasamtök sveitarfélaga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á tilgreindum starfssvæðum og eru átta talsins. Starfssvæði þeirra eru jafnframt svæði sóknaráætlana. Starfssvæðin eru ólík eins og fram kemur í töflunni hér á eftir. Fjöldi aðildarsveitarfélaga í hverjum landshlutasamtökum eru frá 4 til 15 þar sem fámennasta svæðið hefur tæplega 7.200 íbúa og það fjölmennasta tæplega 244.200 íbúa. Þá eru starfssvæðin mjög ólík á stærð í flatarmáli, þar sem það stærsta, suðurland, er tæplega 31.000 km² og það minnsta, Suðurnes, 815 km².

Tölulegar upplýsingar um landshlutana átta

Landshlutar / staðtölur	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Samtals
Fjöldi sveitarfélaga	9	8	4	11	4	15	4	7	62
Heildarfjöldi íbúa	17.419	7.168	7.294	31.577	11.082	34.076	30.933	244.177	383.726
Fjöldi kvk	8.393	3.433	3.621	15.513	5.212	16.381	14.347	120.115	187.015
Fjöldi kk	9.021	3.731	3.672	16.049	5.864	17.685	16.579	123.951	196.552
Fjöldi kynsegin/annað	5	4	1	15	6	10	7	111	159
Flatarmál km ²	9.529	8.844	13.106	22.686	15.705	30.983	815	1.046	102.714

Tákn Sóknaráætlana landshlutanna

